

Þriðjudaginn 21. maí 1996.

Nr. 103/1996. **Parkwood Engineering Co. Ltd.**

(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)

gegn

**Borgarsmíði hf.**

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Málskostnaðartrygging.

### Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 11. mars 1996. Með bréfi stefnda 23. apríl 1996, sem barst réttinum 29. sama mánaðar, var þess krafist, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 1.000.000 krónur.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefnda verði hafnað.

Rök stefnda eru þau, að áfrýjandi sé erlendur aðili með heimilisfang í Englandi og beri því að leggja fram málskostnaðartryggingu, enda séu íslenskir aðilar ekki undanþegnir því að leggja fram málskostnaðartryggingu í Englandi. Einnig hafi stefndi lagt fram beiðni um löggeymslu hjá áfrýjanda 20. mars 1996. Ekkert hafi orðið úr fyrirtöku gerðarinnar, þar sem lögmaður áfrýjanda taldi sig ekki hafa umboð til að vera við hana. Þá hafi verið reynt að gera fjárnám hjá áfrýjanda í Reykjavík 7. september 1995 fyrir 3.530.279 krónum að kröfu tollstjóra, en orðið árangurslaust. Séu líkur á, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Byggir stefndi kröfu sína á a- og b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt með þeim rökum, að stefndi hafi sjálfur höfðað mál þetta í héraði. Í slíku tilviki sé enginn lagagrundvöllur fyrir málskostnaðartryggingu. Ef stefndi tapaði málinu í Hæstarétti, fengi hann væntanlega engan málskostnað dæmdan, en ef hann ynni málið og fengi málskostnað dæmdan, væri krafa hans um greiðslu þess málskostnaðar aðfararhæf í Englandi samkvæmt lögum nr. 68/1995 um Lúganósamninginn um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum. Séu því ekki lagaskilyrði til að verða við kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu.

Áfrýjandi er erlendur lögaðili með heimilisfang í Englandi og án búsetu hér á landi. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994, ber áfrýjanda þegar af þeirri ástæðu að leggja fram málskostnaðartryggingu, enda er ekki vitað til, að menn búsettir á Íslandi séu undanþegnir því að setja slíka tryggingu í Englandi. Ber því að taka til greina kröfu stefnda um, að áfrýjanda verði gert að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli þessu fyrir Hæstarétti. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 500.000 krónur. Skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

#### Á l y k t a r o r ð:

Áfrýjanda, Parkwood Engineering Co. Ltd., er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 500.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í hæstaréttarmálinu nr. 103/1996. Ber að setja trygginguna með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

---